

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir sorpstöð Suðurlands, Selfossi.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir eyðingu á heimilis-, iðnaðar- og verslanasorpi.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan rekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Skylt er að sjá um, að á öllu athafnasvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis, eftir því sem kostur er á og umhverfið sé snyrtilegt.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. Varnir gegn mengun umhverfis.

- 2.1. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins í samráði við heilbrigðisnefnd að mismunandi tegundum þessa úrgangs sé haldið aðgreindum í nýtingarskyni.
- 2.2. Þeim hluta sérstaks úrgangs, sem telst hættulegur, má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum hættulegs úrgangs skal auk þess halda aðgreindum í samráði við Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd. Koma skal upp móttökuaðstöðu fyrir slíkan úrgang.
- 2.3. Losun olíu eða annarra vökva, sem vadið geta mengun eða öðrum skaðlegum áhrifum á lífríkið, á eða við landfyllinguna er með öllu óheimil.
- 2.4. Sérstakur staður skal vera fyrir brotamálma innan girðingar sorpeyðingarinnar. Leitast skal við að brotamálmar fari til brotamálmsvinnslu. Losa skal alla vökva og rafgeyma úr bílflökum áður en þeir fara í brotavinnslu.
- 2.5. Viðeigandi ráðstafanir skal gera til að hindra að vargfugl eða meindýr séu á landfyllingarsvæðinu.
- 2.6. Athafnasvæði sorpeyðingarinnar skal vera vel afgirt og skal gera sérstakar ráðstafanir til að fok berist ekki frá staðnum.
- 2.7. Úrgangur, sem urðaður er skal þakinn a.m.k. 60 cm af jarðvegi. Urðun skal fara fram reglulega og leitast skal við að urða úrgang á vel afmörkuðum stöðum innan urðunarsvæðisins.
- 2.8. Að aflokinni urðun skal svæðið frágengið þannig að snyrtilegt sé og það falli sem best inn í landslagið. Sá skal grasfræi eða planta öðrum gróðri við lokafrágang.
- 2.9. Úrgangur, sem kann að berast frá sorpeyðingunni út fyrir afgirt athafnasvæði hennar skal hreinsa upp reglulega.
- 2.10. Leiðbeiningaskiltum skal koma upp þar sem opnunartímar eru kynntir ásamt umgengni um svæðið og hvar losun eigi að fara fram í hvert skipti.
- 2.11. Brennsla eða urðun á bíldekkjum og stærri plasthlutum er ekki heimil og leita skal leiða til endurnýtingar eftir því sem kostur er á.
- 2.12. Sé gerður verk- eða rekstrarsamningur fyrir sorpeyðinguna skal sá samningur vera í samræmi við ákvæði þess starfsleyfis.
- 2.13. Umsjónarmaður á sorpeyðingarstaðnum skal hafa góða þekkingu á ákvæðum starfsleyfis þessa.
- 2.14. Mengunarvarnir Hollustuvendar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða vegna röskunar lífríkis.

3. Eftirlit og gjaldskrá.

Í samræmi við reglugerð nr. 390/1985 skal stöðin árlega greiða eftirlitsgjöld eins og kveðið er á um í gjaldskrá hverju sinni. Gjaldið skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talinni starfsleyfisvinnslu.

Eftirlit þetta er með tvennum hætti; annars vegar eftirlit á vegum fyrirtækisins, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur og hins vegar á vegum mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins í samræmi við 3. gr. gjaldskrár vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja nr. 355/1986. Sorpstöð Suðurlands flokkast í 3. flokk skv. þeirri reglugerð.

4. Gildistaka.

- 4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sé mengun, sem sett er skv. 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. apríl 1989.

Guðmundur Bjarnason.

AUGLÝSING**um staðfestingu á aðalskipulagi Reykjaness við Ísafjarðardjúp
1987–2007.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19. 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 12. apríl staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Reykjaness við Ísafjarðardjúp 1987–2007,

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög mæla fyrir um. Hreppsnefnd Reykjarfjarðarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með því að hann verði staðfestur.

Félagsmálaráðuneytið, 12. apríl 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.